

Alþingi
Erindi nr. P/28/454
komudagur 3.12.2002



Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10

150 Reykjavík

Reykjavík, 3. desember 2002

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt, með síðari breytingum, 324. mál.

Með breytingum á lögum um tekju og eignarskatt árið 2001, sem fólu m.a. í sér lækkun tekju- og eignarskatta á fyrirtæki, tóku stjórnvöld viðamiklæð skref í þá átt að efla samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og búa í haginn fyrir framtíðarvöxt og velferð. Þrátt fyrir það er ýmislegt ógert til að auka samræmi í skattlagningu, sbr. tilvist margvíslegra óbeinna skatta, s.s. vörugjalda og stimpilgjalda. Slíka skattheimtu þarf að afnema.

Varðandi skattlagningu lögaðila þá styðja Samtök iðnaðarins að heimild lögaðila til að nýta eftirstöðvar rekstrartaps verði heimiluð til tíu ára í stað átta samkvæmt núgildandi lögum. Um leið telja SI að niðurfelling verðbólguleiðréttingar gefi tilefni til að endurskoða ákvæði um fyrningar. Brýnt er að lögaðilum verði gert kleift að flýta afskriftum ef verðbólga eykst á ný. Það verður best gert með því að taka upp stíglækkandi afskriftir á eignum öðrum en fasteignum með vali á efri og neðri vökmörkum.

Að öðru leyti gera Samtök iðnaðarins ekki athugasemdir við efni frumvarpsins og leggja til að það verði að lögum.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Þorsteinn Þorgeirsson, hagfræðingur SI